

9. mars 2022

Staðfesting á skýrslu um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir skuldabréfaflokksins AF HEIM 48

Vísað er til seljendaláns dags. 12. júlí 2021, og samnings við staðfestingaraðila. Hugtök sem skilgreind eru í seljendaláninu og samningi við staðfestingaraðila skulu hafa sömu merkingu og þeim er þar gefin.

Vísað er til skýrslu útgefanda um fjárhagslegar- og sérstakar kvaðir, dags. 14. febrúar 2022.

Staðfestingaraðili hefur farið yfir skýrslu útgefanda um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir, verðmat sem liggur til grundvallar og aðrar upplýsingar sem skýrslan byggir á. Að lokinni sjálfstæðri yfirferð eru niðurstöður staðfestingaraðila eftirfarandi:

Fjárhagsleg skilyrði		Skilyrði	Niðurstaða útreknings	Skilyrði staðist
Lánaþekja:	Hlutfall uppgreiðsluverðmætis útistandandi verðtryggðra kafna gagnvart verðmæti hinna veðsettu eigna.	Aldrei hærri en 70%	55,5%	Já
Vaxtaþekja:	Hreinar leigutekjur veðandlagsins deilt með reiknuðum vöxtum af veðtryggðum kröfum á tólf mánaða tímabili.	Aldrei lægri en 1,5	2,08	Já
Eiginfjárhlutfall útgefanda:	Heildar eigið fé útgefanda á móti heildareignum samstæðu útgefanda.	Skal að lágmarki nema 25%	43,0%	Já
Sérstök skilyrði				
Staðsetning veðsettra eigna:	Útreikningur staðsetningu eigna m.v. virði. Gerð er krafa um að 65% að lágmarki sé á höfuðborgarsvæðinu og þar af sé 25% að lágmarki staðsett í Reykjavík. Utan höfuðborgarsvæðis skal að hámarki vera 35% af virði eignasafns.	25% að lágmarki Reykjavík 65% að lágmarki á höfuðborgarsvæðinu 35% að hámarki utan höfuðborgarsv.	29,6% Reykjavík 60,8% hb.svæðið 39,2% utan hb.svæðis	Nei*

*Virði veðsettra eigna utan höfuðborgarsvæðis eru 39,2% af heildarvirði veðsetts eignasafns. Það er yfir þeim mörkum sem eru tilgreind í fjárhagslegum- og sérstökum kvöðum tryggingafyrirkomulagsins og stenst skilyrði því ekki. Við samanburð á öðrum kvöðum kom í ljós að lánaþekja og vaxtaþekja eru það ríflega yfir viðeigandi mörkum að útgefandi gæti tekið veðsettar eignir utan höfuðborgarsvæðisins út úr veðandlaginu uppfyllt þannig skilyrði um staðsetningu eigna, vaxtaþekju og lánaþekju. Ekki er því hægt að segja að skuldabréfaeigendur séu verr settir þó svo skilyrði um staðsetningu eigna sé ekki uppfyllt.

Yfirferð staðfestingaraðila á fjárhagslegum- og sérstökum kvöðum samræmist mati útgefanda og skýrsla um fjárhagslegar og sérstakar kvaðir því staðfest miðað við dagsetninguna 31.12.2021.